

Það er leitt...



Högni Óskarsson

ÞAÐ ER LEITT AÐ ÁRNI BJÖRNSSON SKULI HAFA FLÚIÐ frá staðreyndum yfir í útúrnúninga þegar ritstjóri Læknablaðsins gaf honum tækifæri til að hnýta at-
hugasemd aftan við grein mína í Læknablaðinu, 6/2000. Í þeirri grein hafði ég leyft mér að svara dylg-
um Árna um að ég og tveir aðrir geðlæknar stunduð-
um ómerkileg vísindi. Svarið byggði á efnislegum
rökum. Eina tilraun Árna til efnislegrar umfjöllunar
var tilvitnum í óbirta grein eftir Annas GJ í New
England Journal of Medicine (vissi ekki að Árni væri
ritrýnir hjá NEJM, aðrir fá yfirleitt ekki að lesa grein-
ar fyrir birtingu), þar sem Árni segir þá Annas sam-
mála um „að telja rannsóknir á lítt mælanlegum eðl-
isþáttum manna og ekki síst rannsóknir á erfðafni
þeim tengt, vafasöm vísindi sem geti jafnvel verið
skaðleg í röngum höndum“.

Ég taldi mig einmitt í grein minni benda á, að
kvíði væri vel skilgreindur og mælanlegur sjúkdómur,
klínískt alvarlegur, og mikið rannsakaður. Að sjálf-
sögðu hirti Árni ekki um faglegar röksemdir, en það
sem verra er, hann kaus líka að afbaka skrif Annas,
eins og þau birtust í nýlegu hefti NEJM. Þar segir
Annas orðrétt: „With periodic updates on research
projects and a simple method to withdraw from
further research, consent to broad categories of re-
search should be permissible. For example, consent
to something like „any and all research projects
designed to locate genes implicated in cancers of any
kind“ seems acceptable, whereas consent to „any
and all kinds of behavioral genetic research“ does
not. The former is straightforward and understand-
able. The latter, however, is vague and could apply to
potential research projects (such as a search for a
gene determining alcoholism or violence) in which
many, if not most, people would not want to be
involved, because of the dubious scientific merit of
such projects and their potential to stigmatize the
entire population.“ (1).

Maður getur verið sammála Annas eða ekki, en
eitt er ljóst, að í seinna dæminu á hann ekki við rann-
sóknir á kvíðasjúkdómum (kannse er Árni að vitna
í einhverja aðra „óbirta grein“ eftir Annas!). Þann
lærdóm einn má draga af þessu, að umgengi Árna við
staðreyndir og hið skrifaða orð er þess eðlis, að ekki
tekur því að eyða púðri í rökræður við hann. Mun ég
hér með hætta því.

Eins er það leitt hversu ritstjóri mismunar höf-
undum greina í Læknablaðinu. Þegar ég leitaði upp-
lýsinga um hvers vegna Árni Björnsson hefði fengið
tækifæri til að hnýta glósum sínum aftan í grein mína
þá var svarið það, að þetta væri ritstjórnarstefna þegar
um ritdeilur væri að ræða. Í fyrsta lagi hlýtur það

að teljast sjálf sögð kurteisi að láta höfunda greina vita
að slíkt standi til. Geta þeir þá vegið og metið hvort
þeir kæri sig um að birta skrif sín á slíkri forsendu. Í
öðru lagi hlýtur það að vera sanngirniskrafa að allir
sitji við sama borð. Árni Björnsson skrifaði til dæmis
mjög persónulega og illskeytta grein í desemberhefti
Læknablaðsins 1998 um ákveðin skrif undirritaðs án
þess að ég nyti sama „velvilja“ ritstjóra og Árna. Ef-
laust mun ritstjóri hnýta einhverri skýringu hér aftan
við, en hentistefna sem þessi er ekki drengileg og
getur orðið blaðinu hættuleg.

Heimildir

1. Annas GJ. Rules on Research on Human Genetic Variation – Lessons from Iceland. The New England Journal of Medicine, June 15, 2000, Vol. 342, No. 24.

Frá Svæfinga- og gjörgæslu- læknafélagi Íslands

Á ADALFUNDI SVÆFINGA- OG GJÖRGÆSLULÆKNA-
félags Íslands (SGLÍ) sem haldinn var 7. apríl síð-
astliðinn voru þeir Þorsteinn Svörfuður Stefánsson
og Jón Sigurðsson gerðir að heiðursfélögum. Báðir
hafa þeir látið mikið að sér kveða fyrir félagið í ár-
anna rás. Þeir hafa einnig staðið fyrir kynningu fé-
lagsins erlendis með virkri þátttöku í Norræna
svæfingalæknafélaginu (Nordisk Anaesthesiologi-
sk Förening, NAF sem nú heitir The Scandinavian
Society of Anaesthesiology and Intensive Care
Medicine, SSAI).

Þorsteinn var í stjórn Svæfinga- og gjörgæslu-
læknafélags Íslands 1978-1984, formaður 1980-

Höfundur er sérfræðingur í
geðlækningum.